

# STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 1998

10. september 1998

1761

Nr. 539

## REGLUGERÐ

### um síldveiðar íslenskra skipa í efnahagslögsögu Noregs 1998.

#### 1. gr.

Heimilt er íslenskum skipum á árinu 1998 að veiða 9.000 lestir af síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í efnahagslögsögu Noregs á árinu 1998. Aðeins er heimilt að veiða með nótt og eingöngu norðan 62°N og utan 12 sjómílna frá grunnlínunum við Noreg.

#### 2. gr.

Veiðar á síld við Noreg, sbr. 1. gr., eru háðar sérstökum leyfum Fiskistofu og skulu umsóknir um leyfi hafa borist Fiskistofu fyrir 15. september 1998.

Aðeins er Fiskistofu heimilt að veita þeim skipum leyfi til síldveiða við Noreg sem nýtt hafa 90% eða meira af þeim aflaheimildum sem þeim var úthlutað úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 1998. Þau skip sem leyfi fengu til síldveiða við Noreg á árinu 1997 koma ekki til greina við úthlutun leyfa.

#### 3. gr.

Úthlutun leyfa til síldveiða við Noreg miðast við að hvert skip fari eina veiðiferð.

Berist Fiskistofu það margar umsóknir um leyfi til síldveiða, að hvert skip getur ekki komið með fullfermi að landi vegna takmörkunar á leyfilegu heildarmagni, sbr. 1. gr. skal Fiskistofa takmarka fjölda leyfishafa með því að draga úr umsóknum. Skal þá velja milli umsækjenda með útdrætti uns sameiginleg burðargeta þeirra skipa sem dregin eru út nemur sem næst 9.000 lestum. Þeim skipum sem þannig eru dregin út skal veitt leyfi en öðrum synjað.

#### 4. gr.

Úthlutun veiðiheimilda við Noreg samkvæmt reglugerð þessari skerðir hlutfallslega óveitt aflahámark, sbr. 4. og 7. gr. reglugerðar nr. 268, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum 1998.

#### 5. gr.

Um tilkynningar til Fiskistofu og löndun afla gilda ákvæði reglugerðar nr. 268, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, eftir því sem við á.

Skipstjórnarmönnum ber að fylgja reglum norskra stjórnvalda við veiðar í efnahagslögsögu Noregs.

## 6. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út með stoð í henni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sbr. ákvæði laga nr. 38, 11. maí 1998. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 11. maí 1998, um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. september 1998.*

**Þorsteinn Pálsson.**

Árni Kolbeinsson.